

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 116. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 10. janúar 2013 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Erindi – Landgræðsla ríkisins:
3. Erindi – Lionsklúbbur Húsavíkur:
4. Fundargerð Skipulag- og umhverfisnefndar frá: 20.12.2012:
5. Gjaldskrár:
6. Hafnarreglugerð fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfanda – seinni umræða:

#### **Til kynningar:**

- a) Fundargerð 802. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 236. fundar stjórnar Eyþings:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ásta Svavarsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund.

#### **2. Erindi – Landgræðsla ríkisins:**

Lagt fram erindi frá Daða L. Friðrikssyni f.h. Landgræðslu ríkisins dags. 3. janúar s.l. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 360.000 vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið í Pingeyjarsveit á árinu 2012“.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

### **3. Erindi – Lionsklúbbur Húsavíkur:**

Lagt fram erindi frá Lionsklúbbi Húsavíkur dags. 5. janúar s.l. þar sem óskað er eftir stuðningi Þingeyjarsveitar til forvarnarstarfs vegna ristilkrabbameins næstu fjögur árin. Lionsklúbbur Húsavíkur hóf samstarf við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um verkefnið á síðasta ári.

Sveitarstjórn samþykkir kr. 100.000 á ári, næstu fjögur árin, og samþykkir þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun.

### **4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.12.2012:**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20. desember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

2. liður fundargerðar; Úlfsbær í Bárðardal, stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að stofna lóðina.

5. liður fundargerðar; Árbót, Aðaldal. Deiliskipulag frístundasvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir að landeiganda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af stækkun frístundasvæðisins. Sveitarstjórn samþykkir einnig fyrirbyggjandi skipulagslýsingu og að skipulagsfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

### **5. Gjaldskrár:**

Lagðar fram tillögur að gjaldskrár fyrir árið 2013, annars vegar um brunavarnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og hins vegar um dagforeldra í Þingeyjarsveit. Slökkviliðsstjóri sveitarfélaganna mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir gjaldskrá um brunavarnir.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá um brunavarnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveit fyrir sitt leyti. Sveitarstjórn samþykkir einnig gjaldskrá um dagforeldra í Þingeyjarsveit. Gjaldskrárnar verða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

### **6. Hafnarreglugerð fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfanda – seinni umræða:**

Lögð fram hafnarreglugerð fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfanda til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir reglugerðina og felur sveitarstjóra að annast afgreiðslu málsins skv. 1. mgr. 4. gr. hafnarlaga nr. 61/2003.

### ***Til kynningar:***

- a) Fundargerð 802. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 236. fundar stjórnar Eypings:

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Margrét Bjarnadóttir

---

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

---

Eiður Jónsson

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Ásta Svavarsdóttir